

## AUGLÝSING

**um gildistöku Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.**

Hinn 26. ágúst 1982 öðlast Norðurlandasamningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1981, þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

Nr. 13

22. júní 1982

## AUGLÝSING

**um gildistöku breytinga á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.**

Hinn 21. maí 1975 tóku gildi breytingar á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 22. júlí 1946 sem gerðar voru 23. maí 1967, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1972. Hinn 3. febrúar 1979 tóku gildi breytingar á stofnskránni sem gerðar voru 22. maí 1973, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/1975.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

Nr. 14

22. júní 1982

## AUGLÝSING

**um gildistöku samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.**

Hinn 17. mars 1982 öðlastist gildi samningur frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1981, þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. júní 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*